

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 1 mánuð frá birtingu dóms að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 29. marz 1965.

Nr. 53/1964. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Jónmundi Gíslasyni (Stefán Pétursson hdl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómaramir Þórður Eyjólfsson, Einar Arnalds, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Theodór B. Lindal.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

I.

Saksóknari ríkisins hefur lýst því fyrir Hæstarétti, að í ákæruskjali sé af misgáningi vísað til 2. gr. reglugerðar nr. 3/1961, sem fjallar um veiðar erlendra skipa í íslenzkri fiskveiðalandhelgi. Í þess stað hefði um meint brot ákærða átt að vísa til 3. gr. nefndrar reglugerðar og 1. gr. reglugerðar nr. 87/1958. Með því að ákærði gat ekki verið í vafa um, hvaða verknaður honum var gefinn að sök, enda ljóst af öðrum lagaákvæðum, sem til er vitnað í ákæruskjali, og vörn hefur ekki orðið áfátt af þessum sökum, þá er heimilt samkvæmt 118. gr. laga nr. 82/1961 að taka þessa leiðréttingu ákærvaldsins til greina.

II.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur af hálfu ákærða verið aflað álitserða Páls Ragnarssonar siglingafræðings og af hálfu saksóknara ríkisins álitserða Jónasar Sigurðssonar,

skólastjóra Stýrimannaskólans. Þá hafa og verið háð framhaldspróf í málinu og skýrslur teknar af skipstjórnarmönnum varðskipsins Óðins, ákærða og stýrimanni á togara hans, Geir, RE 241, og svo af þeim Jónasi Sigurðssyni skólastjóra og Páli Ragnarssyni siglingafræðingi. Hafa endurrit framhaldsprófanna ásamt fleiri nýjum gögnum verið lögð fyrir Hæstarétt.

Af hálfu ákærða hefur því verið haldið fram, að staðar-ákvarðanir varðskipsins hafi ekki verið framkvæmdar með nægilegri nákvæmni, en ekki hafa verið leiddir í ljós neinir þeir gallar á mælingum löggæzlumanna, sem fáir orkað því, að þær verði ekki lagðar til grundvallar við úrlausn málsins.

Í álitgerð Jónasar Sigurðssonar skólastjóra, dags. 8. febrúar 1965, segir meðal annars:

„Breidd ratsjárgeisla Sperry-ratsjár v/s Óðins gefa framleiðendur upp 0.65° , og er því hér um leiðréttingu að ræða, sem aðeins nemur $\frac{1}{3}^\circ$. Hún á að leggjast við miðanirnar til Garðskaga.

Ég hef nú sett staðarákvarðanir varðskipsins á ný út í sjókort nr. 40 með því að reikna með þeirri ónákvæmni á mælitækjum, sem viðurkennd er af framleiðanda þeirra, þ. e. 2% af fjarlægðum og 0.65° í miðunum, togaranum í hag. Þá er og tekið tillit til fyrrnefndrar leiðréttingar $\frac{1}{3}^\circ$ á miðunum til Garðskaga. Samkvæmt því mælast staðir togarans sem hér segir:

a_1	kl. 2014	um 1.1 sml.	innan fiskveiðimarkanna.		
b_1	— 2020	— 1.1	— —	—	—
c_1	— 2036	— 1.1	— —	—	—
d_1	— 2225	— 0.9	— —	—	—

Stað bauju togarans, samkv. mælingu varðskipsins, hef ég einnig sett út í sama kort (X_2 , auðk. með grænum lit). X_2 mælist um 1.1—1.2 sml. innan fiskveiðimarkanna.“

Ákærði hefur viðurkennt, að hann hafi hinn 13. október 1963 verið að togveiðum og innbyrt vörpuna kl. 2020 þá um kvöldið. Þegar litið er til framanskráðrar mörkunar á sjókort, þar sem fullt tillit er tekið til skekkju í

fjarlægðum og miðunum togaranum í hag, þá verður að telja fram komna örugga sönnun fyrir því, að ákærði hafi á umræddum tíma verið að togveiðum á svæði, þar sem slíkar veiðar eru bannaðar samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 87/1958, sbr. 1. og 3. gr. reglugerðar nr. 3/1961. Að undanskilinni 2. gr. reglugerðar nr. 3/1961, eins og fyrr greinir, er brot ákærða rétt fært til refsíákvæða í hinum áfrýjaða dómi.

Með skírskotun til þessa, og þar sem gullgengi íslenzkrar krónu er óbreytt, frá því að héraðsdómur var upp kveðinn, þannig að 100 gullkrónur jafngilda 1951.09 seðlakrónum, ber að staðfesta ákvæði héraðsdómsins um refsingu ákærða og upptöku afla og veiðarfæra að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar er ákveðinn 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að greiða allan sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin laun verjanda síns í héraði, kr. 10.000.00, saksóknarlaun fyrir Hæstarétti í ríkissjóð, kr. 10.000.00, og laun verjanda síns í Hæstarétti, kr. 10.000.00.

Um sök ákærða skiptu máli tímasetningar bæði samkvæmt klukkku, sem eftir var farið á varðskipinu Óðni, og klukkku, sem ákærði notaði við tímaáakvarðanir sínar. Löggæzlumenn varðskipsins gerðu ekki, svo að séð verði, samanburð á klukkum þessum, og ber að átelja þá van-gæzlu.

Dómsorð:

Ákærði, Jónmundur Gislason, greiði 260.000.00 króna sekt til Landhelgisjódís Íslands, og komi 8 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin laun verjanda síns í

héraði, Einars B. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00, saksóknarlaun fyrir Hæstarétti í ríkissjóð, kr. 10.000.00, og laun verjanda síns í Hæstarétti, Stefáns Péturssonar héraðsdómslögmanns, kr. 10.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 15. október 1963.

Ár 1963, þriðjudaginn 15. október, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins í Borgartúni 7, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4989/1963: Ákærvaldið gegn Jónmundi Gíslasyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Ákærður er Jónmundur Gíslason, skipstjóri á togaranum Geir, RE 241, til heimilis að Kirkjuteigi 15, hér í borg, fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 3 11. marz 1961 um fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 44 5. apríl 1948 og lög nr. 33 19. júní 1922, sbr. enn fremur 1. mgr. 1. gr. laga nr. 5 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. 1. gr. laga nr. 6 17. febrúar 1959 um breytingu á þeim lögum, með því að vera á botnvörpuveiðum á nefndum togara út af Garðskaga sunnudagskvöldið 13. október 1963 innan fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í 1. gr. fyrrnefndrar reglugerðar nr. 3/1961.

Ákæríst því nefndur Jónmundur Gíslason til að sæta refsingu samkvæmt 7. gr. reglugerðar nr. 3/1961, sbr. 3. gr. laga nr. 44/1948 og 1. gr. laga nr. 81/1952 um breytingu á þeim lögum, sbr. enn fremur 3. gr. laga nr. 5/1920 og 1. gr. laga nr. 5/1951 um breytingu á þeim lögum, til að sæta upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 29. desember 1907 í Reykjavík. Hann hefur sætt þessum kærum og refsingum, svo að kunnugt sé:

1946 31/10 Reykjavík: Sátt, 25 kr. sekt fyrir ljósleysi á bifreið.
 1948 20/6 Rvík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
 1949 7/1 Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
 — 11/3 Rvík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot gegn reglugerð nr. 134/1945, 5. gr., 1. mgr.

1960 27/2 Rvík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á stöðvunar-
skyldu.

Samkvæmt skýrslu skipherrans á varðskipinu Óðni, Þórar-
ins Björnssonar, eru málavextir þessir, en efni skýrslunnar er
rakið orðrétt hér á eftir:

Hinn 13. okt. 1963 tók varðskipið togarann Geir, RE 241, að
ólöglegum veiðum út af Garðskaga.

Skipstjóri Jónmundur Gíslason, fæddur 29/12 '07. Heimili:
Kirkjuteig 15, Reykjavík.

Nánari atvik voru sem hér segir:

Sunnudaginn 13. október 1963, kl. 2014, er varðskipið var
að gæzlustörfum í Faxaflóa, sást skip í ratsjá varðskipsins.

Voru í því sambandi gerðar eftirfarandi staðarákvarðanir:

Kl. 2014, Garðskagi 111°, fj. 9.7 sml., skip r/v 272°, fj. 11.1 sml.

Gefur það stað skipsins um 1.7 sml. innan fiskveiðitakmark-
anna, eins og þau eru nú fyrir íslensk togskip á þessum stað.

Kl. 2020, Garðskagi rv. 110°, fj. 11.0 sml., skip r/v 271°5,
fj. 9.9 sml.

Gefur það stað skipsins um 1.5 sml. innan fiskveiðitakmark-
anna.

Mælingarnar gefa til kynna togferð, og var eftirförinni hald-
ið áfram.

Kl. 2036, Garðskagi r/v 108°, fj. 14.2 sml.

Skip r/v 272°, fj. 7.0 sml.

Gefur það stað skipsins um 1.6 sml. innan fiskveiðitakmarkanna.

Sást, að togarinn hafði norðlæga stefnu.

Kl. 2041 var byrjað að gefa stöðvunarkerkið „K“ með ljós-
merki og því haldið áfram, þar til sýnt þótti, að togarinn væri
stöðvaður.

Kl. 2045 sést, að skipið er með togljós og snýr til bakborða
í hring, unz aftur sést á stjórnbörðshlið hans.

Kl. 2100 er komið að togaranum Geir, RE 241, net lágu út
af bakborðshlið og hlerar í gálum, þar sem hann liggur kyrr,
einnig voru hlerar í gálum stjórnbörðsmegin. Dýpið við togar-
ann 124 metrar.

Togarinna var með tundurdufl á dekki, sem hann hafði fengið
í bakborðsvörpu í síðasta togi.

Kl. 2107 sett úr dufl frá varðskipinu við togarann.

Kl. 2128 hafði skipstjóri togarans verið sóttur og fluttur á
varðskipið. Kvaðst hann hafa látið reka í þrjá stundarfjórðunga

og væri nýbúinn að taka inn vörpupokann með duflinu í. Kvaðst hann miða tog sitt við dufl, er hann hefði sett út m/v NV $\frac{1}{4}$ V, fj. 23.0 sml. frá Garðskaga.

Kl. 2145 var haldið í átt að Garðskaga til frekari staðar-ákvarðana, þar eð trygg kennileiti sáust ekki í ratsjanni frá þessum stað.

Kl. 2225 var togarinn við dufl varðskipsins. Þá mældist Garðskagi r/v 103° , fj. 10.7 sml., togarinn r/v 284° , fj. 10.6 sml. Gefur það stað skipsins um 1.6 sml. innan fiskveiðitakmarkanna.

Skipstjóri togarans var við mælinguna. Óskaði hann ekki frekari mælinga.

Kl. 2230 var haldið að togaranum.

Kl. 2322 var komið að dufli varðskipsins. Þá mældist dufl togarans r/v 345° , fj. 2.2 sml. Gefur það stað duflsins um 1.9 sml. innan fiskveiðitakmarkanna.

Kl. 2353 var dufl togarans mælt aftur r/v $341^\circ 5$, fj. 2.2 sml. Hefur þá varðskipið rekið á 31 mín. 0.2 sml. í r/v 075° .

Allar miðanir eru skráðar hér og settar út í meðfylgjandi sjókort nr. 40, eins og þær eru eftir leiðréttingar.

Athugun á gyrokompás varðskipsins kl. 1420 sýnir leiðréttingu mínus $1^\circ 25$.

Þann 14. okt., kl. 0221, athugaður gyroáttaviti þannig:

Keflavíkurflugvallarviti ber yfir Garðskagavita. Rétt miðun 156° , kompásmiðun 156° , sem sýnir gyroáttavitann réttan.

Gert var þó ráð fyrir mínus 1° skekkju við útsetningar í sjókort.

Lausi hringurinn á Sperry-ratsjá var borinn saman við föstu hringina og reyndist réttur.

Sent var skeyti til forstjóra Landhelgisgæzlunnar og skýrt frá þessum atburði. Kom svar frá honum, að varðskipið skyldi fylgja togaranum til Reykjavíkur, og var skipstjóra togarans tilkynnt það.

Veður: SV og S 2—3, sjór SV 3.

Mánudaginn 14. okt. lagt af stað til Reykjavíkur kl. 0056 og komið á ytri höfnina í Reykjavík kl. 0428, og lagzt þar fyrir akkeri.

Samkvæmt símtali við forstjóra Landhelgisgæzlunnar var ákveðið, að réttarhöld í máli togaraskipstjórans skyldu hefjast kl. 1400.

Fyrstu þrjár mælingarnar voru gerðar af skipherra og I. stýri-

manni, en aðrar mælingar af I., II. og III. stýrimanni undir umsjá skipherra.

Við mælingarnar voru notuð Sperry-ratsjá og Sperry-gyro-áttaviti.

Skýrslu sína, dskj. nr. 1, hefur skipherra, Þórarinn Björnsson, staðfest með eiði. Stýrimenn varðskipsins, þeir Helgi Hallvarðsson 1. stýrimaður og Ólafur Valur Sigurðsson 2. stýrimaður, hafa og staðfest með eiði, að efni skýrslunnar sé rétt. Skipherra og stýrimenn þessir segja ratsjá varðskipsins hafa við mælingarnar verið stillta á 15 sjómílna sjónsvið (skala), en mesta sjónsvið hennar er 40 sjómílar. Hornamælingar voru ekki gerðar, enda var dimmt af nóttu.

Kristinn Jóhann Árnason, 3. stýrimaður varðskipsins, hefur og staðfest efni skýrslu skipherra, dskj. nr. 1, en kveðst þó ekki hafa tekið þátt í mælingum þeim, er þar greinir, heldur hafi hann tekið þátt í tveimur öðrum mælingum, sem ekki er getið um í skýrslu skipherra, enda hafi þær ekki verið taldar nægilega öruggar, en við þær hafi verið miðað við flugskýli á Keflavíkurflugveli, sem eigi hafi þótt nægilega tryggt kennileiti.

Staðir skipanna, varðskipsins og togarans, svo og staðir duflanna (baujanna), er greinir á dskj. nr. 1, voru markaðir á sjókort, dskj. nr. 2, og hafa framangreindir yfirmenn varðskipsins allir staðfest, að staðarákvarðanir þessar séu allar rétt markaðar á kortið, og eins, að skýringar þær, sem á kortið eru skráðar, séu réttar, en 3. stýrimaður, Kristinn Jóhann Árnason, kveðst hafa tekið þátt í því að marka staðarákvarðanirnar á kortið.

Ákærði skýrir svo frá, að sunnudaginn 6. þ. m. hafi hann farið á veiðar á togaranum héðan frá Reykjavík, og hafi fyrst verið haldið í Miðnessjó. Er varðskipið kom að togaranum s.l. sunnudagskvöld 13. þ. m., kveðst ákærði hafa verið að veiðum út af Garðskaga í 3 sólarhringa.

Ekki kveðst ákærði vefengja útreikninga varðskipsmanna, en skýrir nánar svo frá, að aðfaranótt 7. þ. m. hafi hann lagt út dufl frá togaranum NV-V frá Garðskaga um hina hugsuðu landhelgislínu, og segir það hafa verið ætlun sína að hafa dufl þetta til hliðsjónar við veiðarnar, þannig að ekki yrði hætta á, að togarinn færi inn fyrir fiskveiðitakmörkin, en þarna segir hann landhelgislínuna vera um 22 sjómílar frá landi og erfitt sé að staðsetja skip á þessum slóðum vegna fjarlægðar frá landi.

Fyrir hádegi þriðjudaginn 8. þ. m. segist ákærði hafa verið kallaður upp af togaranum Þorkatli mána og honum tjáð, að sá

togari hefði togað niður dufl það, er hann hafði sett út frá togaranum Geir aðfaranótt 7. þ. m. Jafnframt hefði honum verið sagt, að hann gæti miðað við annað dufl, sem sett hafði verið út frá Þorkatli mána NV $\frac{1}{4}$ V 23 sjómíllur frá Garðskaga, en þetta dufl sé dufl það, sem markað er sem dufl togarans Geirs á sjókortið, dskj. nr. 2. Dufl þetta kveðst ákærði svo hafa haft til hliðsjónar við veiðarnar og verið utan við það.

Ákærði segir sig minna, að honum hafi reiknast svo til um hádegi sunnudaginn 13. þ. m., að togarinn hafi þá verið fyrir utan landhelgislínu. Hann hafi þá tekið radiómiðun og Malar-rifsviti þá verið um 22° NNA misvísandi og Stafnesviti um 135° misvísandi, en dýpi hafi reynzt vera 68 eða 70 faðmar.

Klukkan 2020 s.l. sunnudagskvöld 13. þ. m. kveðst ákærði, er hann stýrði skipinu N 15° V, hafa látið innbyrða vörpu togarans og segist telja, að hann hafi þá áreiðanlega verið fyrir utan fiskveiðitakmörkin, en kveðst þó ekki hafa framkvæmt neinar mælingar og segist ekki geta sagt um, í hverja átt duflíð var þá, en samkvæmt mælingum varðskipsmanna var togarinn þá 1.5 sjómíllur innan fiskveiðitakmarkanna, eins og um getur á dskj. nr. 1.

Nánar skýrir ákærði svo frá, að er varpan hafði verið innbyrt, hefði komið í ljós, að í henni var tundurdufl, og kveðst ákærði ekki hafa vitað, hvort það hafi verið virkt eða óvirkt, og hann því farið að hugsa ráð sitt vegna hættunnar af tundurduflinu, en um borð í togaranum hefðu verið um 30 menn. Hann kveðst því hafa látið skipið reka, þar sem eigi hefði verið vitað, hver hætta gæti stafað af duflinu, og hann því talið, að betra væri að láta togarann reka, meðan það væri athugað, þó að hann kynni þá að fara eitthvað inn fyrir fiskiveiðitakmörkin. Segir hann togarann svo hafa rekið í 40 til 45 mínútur, áður en varðskipið kom að honum, en er varðskipið var komið að togaranum, segir hann veður hafa farið lygnandi, og hafi togarann því ekki rekið eins hratt eftir það.

Ákærði segir, að í togaranum sé ratsjá af Deccagerð, og sé mesta sjónarsvið hennar 48 sjómíllur, en ekki kveðst hann hafa notast við ratsjána, er hann gerði áður nefndar miðanir. Þá kveður hann tvo seguláttavita vera í togaranum, en á þeim sé 10° mismunur til austurs og vesturs.

Í leiðarabók togarans er eftirfarandi skráð við sunnudaginn 13. þ. m.:

„Togað til og frá út af Garðskaga.

Kl. 2020 hiðt upp, var þá tundurdufl í trollinu, látið reka, meðan verið var að athuga, hvað hægt var að gera. VNV kaldi var á, 3—4 vindstig, og rak skipið undan þeim kalda.

Um kl. 2105 kom varðskipið Óðinn og tilkynnti, að skipið væri statti innan við landhelgislínu, og væri það eftir staðar-ákvörðun frá Garðskaga um eina og hálfu sjómílu innan við línu. Var þá búið að reka um 40 mínútur, því ég taldi nauðsynlegt að athuga, hvað hægt væri að gera, þar sem 30 manns eru á skipinu og duflið ef til vill virkt.“

Þá er þetta skráð í leiðarabókina við mánudaginn 14. þ. m.:

„Kl. 0050 haldið af stað til Reykjavíkur kst. 120°.

Kl. 0240 Garðskagi í SVaS ½ S fjl. 6.0 sjm.

Kl. 0440 lagzt fyrir akkeri á ytri höfninni í Reykjavík.“

Dómurinn kvaddi þrjá kunnáttumenn, stýrimannaskólakennarana Benedikt Alfonsson, Ránargötu 31, hér í borg, og Karl Guðmundsson, Löngubrekku 8 í Kópavogi, og Ríkarð Sigmundsson rafvirkjameistara, Sundlaugavegi 20, hér í borg, til þess að skoða ratsjár og áttavita varðskipsins Óðins svo og þessi tæki togarans Geirs, einkum að því er ratsjárnar varðar, fjarlægðarhæfni þeirra, og sérstaklega á 15 sjómílna mælikvarða (skala) ratsjár varðskipsins. Fer hér á eftir vottorð þeirra, sem þeir hafa staðfest með eiði:

„Við undirritaðir, sem dómkvaddir vorum til að athuga ratsjár og áttavita í varðskipinu Óðni og togaranum Geir, RE 241, höfum lokið athugunum okkar og komizt að eftirfarandi niðurstöðu:

Á gyróáttavita varðskipsins reyndist vera skekkja ÷ 1°. Öllum aflesurum (repeaters) þar saman við aðaláttavita.

Fjarlægðarmælingum með Sperry-ratsjanni, en hún var notuð við staðsetningu togarans samkvæmt upplýsingum skipherrans, þar mjög vel saman við tilsvareandi mælingar í korti.

Miðunum þeim, sem gerðar voru með ratsjanni, þar fyllilega saman við miðanir, sem teknar voru á gyróaflesara.

Fjarlægðum, mældum með ratsjám togarans, þar saman við tilsvareandi fjarlægðir úr korti. Um nákvæmni aðaláttavita togarans er ekki hægt að fullyrða við þær aðstæður, sem fyrir hendi voru, til þess þyrfti fullkomna segulskekkjuathugun.

Geta má þess, að segulskekkjuttafla aðaláttavitans er dagsett 16. marz 1963.“

Með framangreindum mælingum og skýrslum varðskipsmanna, sem þeir hafa staðfest með eiði, telur dómurinn sannað, að

ákærði hafi í umrætt skipti verið að ólöglegum veiðum á þeim stöðum, er mælingar varðskipsmanna sýna, enda hefur hann ekki vefengt útreikninga þeirra, eins og áður getur í framburði hans, en að togveiðum kveðst hann hafa verið.

Varðar þessi verknaður ákærða við 2. gr. reglugerðar nr. 3 11. marz 1961 um fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnins og lög nr. 33 19. júní 1922 um rétt til fiskveiða í landhelgi, sbr. enn fremur 1. mgr. 1. gr. laga nr. 5 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. 1. gr. laga nr. 6 17. febrúar 1959 um breytingu á þeim lögum.

Ber að ákveða refsingu ákærða samkvæmt 7. gr. reglugerðar nr. 3/1961, sbr. 3. gr. laga nr. 44/1948 og 1. gr. laga nr. 81/1952 um breytingu á þeim lögum, sbr. enn fremur 4. gr. laga nr. 5/1920 (áður 3. gr. sbr. lög nr. 6/1959) og 1. gr. laga nr. 5/1951 um breytingu á þeim lögum. Samkvæmt refsíákvæðum þessum, með tilliti til stærðar togarans, 655 brúttó smálestir, og með tilliti til núverandi gullgengis íslenzkrar krónu, en samkvæmt upplýsingum Seðlabanka Íslands jafngilda 100 gullkrónur 1951.09 pappírskrónum, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 260.000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 8 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Auk þess skal allur afli svo og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Geirs, RE 241, vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Einars Baldvins Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3.000.00.

Dóm þenna kveða upp Logi Einarsson yfirsakadómari og með-dómendurnir Hannes Pálsson og Halldór Gíslason skipstjórar.

Dómsorð:

Ákærði, Jónmundur Gíslason, greiði 260.000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 8 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Geirs, RE 241, skulu vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin máls-

varnarlaun skipaðs verjanda síns, Einars Baldvins Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3.000.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 29. marz 1965.

Nr. 69/1963.

Þórarinn Þórarinsson

(Axel Kristjánsson hdl.)

Jóhannes Sigurðsson og

Þorgrímur Guðjónsson

(Árni Halldórsson hdl.)

gegn

Hafsteini Sigurjónssyni

(Þorvaldur Þórarinsson hrl.)

og Hafsteinn Sigurjónsson

gegn

Jóni Bergsteinssyni

(Eyjólfur K. Jónsson hrl.)

Davíð Ólafssyni,

(Guttormur Erlendsson hrl.),

Þórarni Þórarinssyni,

Jóhannesi Sigurðssyni og

Þorgrími Guðjónssyni.

Dómendur:

hæstaréttardómaramennir Þórður Eyjólfsson og Logi Einarsson, prófessorarnir Magnús P. Torfason og Theodór B. Línal og Þórður Björnsson yfirsakadómari.

Vinnuslys. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi Þórarinn Þórarinsson hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. maí 1963. Krefst hann sýknu af kröfum áfrýjanda Hafsteins Sigurjónssonar og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og hér fyrir dómi.

Áfrýjandi Hafsteinn Sigurjónsson hefur, að fengnu áfrýj-